

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.
Stella Rúnarsdóttir
Dalbraut 12
840 Laugarvatn

Reykjavík, 25. október 2021
UST202110-128/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Lækjarholt - Flóahreppur

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Flóahrepps er barst 13. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir Lækjarholt í Flóahreppi. Í greinargerð kemur fram að tillagan gengur út á að skilgreina fjórar lóðir. Á lóð 1A er heimilt að reisa íbúðarhús ásamt bílskúr og/eða geymslu, allt að 300 m² og tvö gestahús, hvert um sig allt að 40 m². Á lóð 1B er heimilt að reisa íbúðarhús með bílskúr og/eða geymslu, allt að 300 m² og tvö gestahús, hvert um sig allt að 40 m². Á lóð 1C er heimilt að reisa geymsluhús/ skemmu, allt að 400 m². Á lóð 2 er heimilt að reisa íbúðarhús með bílskúr, allt að 300 m², tvö gestahús, hvert um sig allt að 40 m² og geymsluhús/ skemmu allt að 400 m².

Umhverfisstofnun hefur farið yfir ofangreinda tillögu og gerir ekki athugasemdir við hana.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur